

BORGARRÁÐ 20. maí 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi vélarsali til að hýsa gögn Reykjavíkurborgar - R21050180

Borgarfulltrúi Flokks fólksins skilur að endurnýja þarf búnað sem kominn er til ára sinna og vill að leitað sé allra leiða til lausna svo framarlega sem hagræðing og sparnaður hljóttist af því. En ekki er hægt að sjá neins staðar svo vel sé hvort hagræðing verði af þessu verkefni miðað við núverandi rekstrarkostnað og síðan árlegan kostnað við úthýsingu næstu árin. Hvaða aðrir möguleikar hefðu verið í stöðunni sem dæmi og eins hvort ekki væri hægt að taka verkefnið í skrefum. Það er eins og allt sé ónýtt og kaupa þarf allt nýtt. Borgarfulltrúinn er ekki sérfræðingur í vélarsölum en spyr sig samt hvort minni salur gæti hýst gögn borgarinnar. 1. Er búið að reikna til enda hvort hagræðing verði af þessu verkefni miðað við núverandi rekstrarkostnað og svo árlegan kostnað við úthýsingu næstu árin? 2. Án þess að borgarfulltrúinn telji sig sérfræðingur í rekstri vélasala, leikur honum forvitni á að vita hvort hægt hefði verið að halda gögnum borgarinnar hjá borginni en þá í nýrri og minni sal en þeir sem fyrir eru?